

Fundargerð 26. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 2. maí 2016, kl. 15:00 í fundarsal SSS, Skógarbraut 945, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mætt eru: Róbert Ragnarsson, Berglind Kristinsdóttir, Johan D Jónsson, Ásgeir Eiríksson, Guðjón Þ. Kristjánsson, Eggert Sólberg Jónsson (verkefnastjóri) og Þuríður H. Aradóttir Braun (Markaðsstofa Reykjanes). Guðlaugur H. Sigurjónsson sat fundinn sem gestur.

1. Breytingar á stjórn

Aðrir aðilar en sveitarfélögin fimm hafa komið sér saman um að Berglind Kristinsdóttir, Kristín Vala Matthíasdóttir og Magnea Guðmundsdóttir verði fulltrúar þeirra í stjórn. Hjálmar Árnason, Hanna María Kristjánsdóttir og Sverrir Guðmundsson eru tilnefnd til vara. Stofnaðilar að Reykjanes Geopark sem ekki eiga fulltrúa í stjórn hafa rétt til að tilnefna áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétt á stjórnarfundum.

2. Umsóknir um lóð fyrir þjónustumiðstöð við Reykjanesvita

Auglýst var eftir áhugasömum aðilum til að reisa og reka þjónustumiðstöð við Reykjanesvita í kjölfar fundar stjórnar Reykjanes Geopark þann 27. janúar sl. Umsóknarfrestur rann út 26. febrúar sl. Á fundi stjórnar 4. mars sl. var formanni stjórnar, sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs Reykjanesbæjar og verkefnastjóra falið að ræða við umsækjendur. Umsækjendur voru í stafrófsröð:

Kristín Örlygsdóttir f.h. óstofnaðs félags
Reykjanes Aurora
Þingvangur
Þjóðarhagur

Verkefnastjóra falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum og leggja niðurstöður fyrir næsta fund.

3. Styrkur úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða

Reykjanes Geopark fékk styrk að upphæð 25.600.000 kr. úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til framkvæmda við Brimketil. Verið er yfirfara teikningar og undirbúa útboðsgögn.

4. Uppbygging á Garðskaga

Magnús Stefánsson og Jóhann Ísberg mættu á fundinn og kynntu fyrirhugaða uppbyggingu á Garðskaga.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:30.

Fundargerð ritaði: ESJ